



## Stefna FB í alþjóðamálum á sviði starfsmenntunar / FB's International Strategy 2018-220

### Sýn, hlutverk, gildi og stefnumið Fjölbrautaskólans í Breiðholti

Sýn FB er sú að efla einstaklinga til þess að skapa framtíðina. Skólinn veitir menntun til lokaprófs á framhaldsskólastigi. Gildi skólans eru virðing, fjölbreytni og sköpunarkraftur. Stefnumið skólans eru þessi:

- Sérhver nemandi nái árangri í námi sínu
- Hlúa að athafnagleði, samvinnu og ábyrgum lífsmáta nemenda og starfsfólks,
- Vinna af heilindum, með fagmennsku, gagnsæi og ráðdeild að leiðarljósi
- Rækta tengsl við samfélagið og alþjóðatengsl með erlendu samstarfi

### Erlent samstarf: markmið og aðgerðir

Við lítum á erlent samstarf sem leið til þess að bjóða verknám í hæsta gæðaflokki, styrkja ímynd skólans og og stuðla að aukinni aðsókn að list- og starfsmenntabrautum. Gagnkvæmar heimsóknir auka víðsýni og starfsgleði nemenda og starfsfólks.

- Í kynningum á skólanum segjum við frá tækifærum til að taka þátt í erlendu samstarfi.
- Nemendaskipti eru megin stoð í erlendu samstarfi skólans. List- og verknámsnemendum gefast tækifæri til að stunda hluta af námi sínu erlendis. Og skólinn greiðir götu erlendra nemenda sem vilja koma í náms- og starfsþjálfun hér á landi. **Aðgerð:** Senda að jafnaði 20 nemendur út á ári í nám og þjálfun.
- Við leggjum áherslu á að starfsfólk eigi þess kost að heimsækja systurskóla, fyrirtæki og stofnanir erlendis og kynnast þannig því sem efst er á döfinni í faggreinunum, svo og aðferðum og áherslum í námi, kennslu og miðlun á hverjum stað. **Aðgerð:** Senda að jafnaði 3-5 starfsmenn út í vettvangs- og kynnisferðir ár hvert.
- Við viljum styrkja enn frekar samstarf okkar við skóla, fyrirtæki og stofnanir í Evrópu, en skólinn hefur þar gott tengslanet. **Aðgerð:** Alþjóðafulltrúi sækir tengslaráðstefnur og undirbúningsfundir ár hvert.
- Í skólanum og nærumhverfi er lögð áhersla á að segja frá hinu erlenda samstarfi og miðla til allra hagaðila hvernig reynslan hefur opnað augu þátttakenda fyrir nýjum tækifærum og möguleikum. **Aðgerðir:** (1) Erasmus-dagur haldinn í skólanum a.m.k. einu sinni á ári. (2) Ár hvert eru skráðir atburðir á Evrópskri starfsmenntaviku.

### Skipulag og framkvæmd

Alþjóðafulltrúi starfar á fjármálasviði skólans, er í nánum samskiptum við fagstjóra og kennara og situr vikulega stjórnendafundi. Alþjóðafulltrúi sækir um styrki, finnur skóla og fyrirtæki, undirbýr ferðir og sér til þess að pappírar séu rétt út fylltir. Á meðan á ferðum stendur fylgist alþjóðafulltrúi með framgangi mála. Að ferðum loknum sér alþjóðafulltrúi um að þátttakendur svari

spurningalistum, tekur viðtöl við þá og fylgir eftir ábendingum og úrbótatillögum úr lokaskýrslum þátttakenda. Þá taka fagstjórar, kennarar og valdir nemendur virkan þátt í undirbúningi, skipulagi, framkvæmd og úrvinnslu ferða og viðburða er tilheyra erlendu samstarfi.

### Mælaborð

Í tengslum við reglubundið gæðaeftirlit er safnað saman tölfraeðiupplýsingum um erlent samstarf. Helstu árangursmælikvarðarnir eru:

- Hlutfallslegur fjöldi nemenda af hverju námssviði sem fer í skiptinám/starfsnám ár hvert.
- Hlutfallslegur fjöldi starfsfólks af hverju sviði sem fer í náms- og kynnisferðir erlendis.
- Hlutfall nemenda sem segjast mjög ánægðir/ánægðir með dvolina (spurning 10.1 í þáttkendaskýrslu (Participant report) að ferð lokinni).
- Hlutfall nemenda sem telja sig sannarlega hafa öðlast meiri aðlögunarhæfni með þátttöku í verkefninu (Spurning 6.2: More able to adapt to and act in new situations: strongly agree).
- Hlutfall nemenda sem telja að atvinnutækifærum þeirra hafi fjölgað. (Spurning 7.1: I believe that my chances to get a new or better job have increased: strongly agree/rather agree).

Reykjavík, 10. október 2018



Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir  
Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari